

Ragna Róbertsdóttir

Kynngikraftur  
Patterns of Energy



Ragna Róbertsdóttir

Kynngikraftur  
Patterns of Energy



001

Hekla, 117 kg, 2004.

Hekluvíkur, gler / Lava

from Hekla, glass

180 x 24 m

Litsasafn Reykjavíkur,

Kjármássaförður / Reykjavík Art

Museum, Kjármássaförður, Iceland

Ljósmynd / photo: Einar Flosi

Ingólfssan





002

Höyük, 117 kg, 2004

Heizkörper, glas / Lava

glas Höyük, glass

2,80 x 24 m

Zollverein, Essen, Germany

Kunstsammlungen Nordrhein-Westfalen

Art Museum


Kunstsammlung Nordrhein-Westfalen

Essen, Germany

Photo: Claus Tiedje

mg/tiedje





003

Án tilis / Untitled, 1987

Turf / Turf

69 x 40 x 415 cm

Án tilis / Untitled, 1987

Hrauneyti, turf / Lava, turf

112 x 135 x 123 cm

Hekla, 117 kg, 2004

Hekluvirkur / Lava from Hekla

1.80 x 24 m

Litabæn Reykjavíkur,

Kunstvinnustofa / Reykjavík Art

Museum, Kjartansbraut 1, Iceland

1.00m / photo: Einar Þór

ingólfsson



1 + 7



004

Haunlandslag / Lava Landscape, 2004  
Hekluvikur / Lava from Hekla

3.50 x 9 m

Listasafn Reykjavíkur,

Kjarvalsstadir / Reykjavík Art

Museum, Kjarvalsstadir, Iceland

Ljósmynd / photo: Einar Falur Ingólfsson





005

Landslag / Landscape, 2004

Mulð gler / Crushed glass

350 x 9 m

Listasafn Reykjavíkur,

Kjarvalsstaðir / Reykjavík Art

Museum, Kjarvalsstaðir, Iceland

Ljósmynd / photo: Einar Falur

Ingólfsson





006

Landslag í plasti / Plastered Landscape, 2004.  
Raudamóður, plastrasur / Red lava gravel,  
plastic folders  
0,31 x 7,23 m

An titla / Untitled, 1985.  
Manillaspí / Manilla tape  
210 x 80 x 100 m

An titla / Untitled, 1988 - 2004.  
Sagði hrungryti, skinn / Cut lava, moss

Útstilling Reykjavíkur, Kjarvalsstöðin /  
Reykjavík Art Museum, Kjarvalsstadir, Iceland  
Ljósmynd / photo: Einar Falur Ingólfsson

中華書局影印  
卷之三





008  
An íslensk / Icelandic  
Síðan heimskipti / Since birth  
1990  
Lámaði hraunþyti / Cut lava  
Kunstnarsafn Árni / National Art  
Museum, Reykjavík, Iceland  
Ljósmynd / photo: Einar Falur  
Ingvil Þóra



008  
An íslensk / Icelandic  
Síðan heimskipti / Cut lava  
1990  
An íslensk / Icelandic  
Blæðið annar / In-Rotating  
47,5 x 47,5 cm  
An íslensk / Icelandic  
Gummi, goggi / Rubber, cut lava  
21 x 348 x 16 cm  
Lámaði hraunþyti / Cut lava  
Kunstnarsafn / Reykjavík Art  
Museum, Kjarnasafn, Iceland  
Ljósmynd / photo: Einar Falur  
Ingvil Þóra



009

Ari tilts / Untitled, 1993  
Sagði hrungryli / Cut lava  
120 x 199 x 85 cm  
Eight Látrásins Islands / Courtesy of  
National Gallery of Iceland

Hekla, 2004

Hekla lava / Lava from Hekla  
3,50 x 9 m

Listasafn Reykjavíkur,  
Kjartansstöðin / Reykjavík Art  
Museum, Kjarvalstofnir, Iceland  
Lásm. / photo: Einar Falur Ingólfsson



010

Landscape / Landscape, 2004

Muld ger / Crushed glass

3,50 x 9 m

Ari tilts / Untitled, 1988 – 2004

Sagði hrungryli, skóli / Cut lava, moss

Listasafn Reykjavíkur,  
Kjartansstöðin / Reykjavík Art  
Museum, Kjarvalstofnir, Iceland  
Lásm. / photo: Einar Falur Ingólfsson



011.

An titlis / Untitled, 2004

Akryl afgríðir / Acrylic pieces

27,5 x 27,5 cm

Útstillingin Reykjavíkur,

Kjarvalsstadir / Reykjavík Art

Museum, Kjarvalsstadir, Iceland

Ljósmynd / photo: Einar Falur

Ingólfsson:

EINAR FALUR

Retnablað / Working

2004  
Höfði  
Höfði  
Myndgalleri  
Galleri

Aukvinn / Turn-around

2004  
Höfði  
Höfði  
Myndgalleri  
Galleri

Semiræði / Star Map

2004  
Höfði  
Höfði  
Myndgalleri  
Galleri

Fyrri hluta 20. aldar var náttúran einn helstu áhrifavaldur íslenskra myndlistarmanna. Listmálarar leituðu til náttúrunnar um innblástur og viðfangsefni, til að kynna löndum sinum margar af þerum landsins, sem og til að sýna að styrkur og mikilfengleiki landslagsins hefði mótað Íslendinga sem sjálfsæða bjóði í samfélagi heimsins. Helstu meistaraverk íslenskra myndlistar frá þeim tíma bera vott um þau sterku bönd sem tengdu listamenn við landið.

Við upphaf nýrrar aldar leita myndlistarmenn enn til landsins í viðfangsefnum sínum og halda áfram að túlka ríkidaemi þess hver með sinum haetti. Tilgangurinn virðist þó í flestum tilvikum annar en hjá fyrri kynslóðum, nú virðist listafólk óðru fremur leitast við að túlka tímalaust gildi viðkvæmrar náttúru landsins og leggja þær með áherslu á nauðsyn þess að umgangast hana af varú og virðingu, fremur en að láta mögulegan skyndigrða og stundarhagsmuni einnar kynslóðar ráða ferð.

Sumir listamenn ganga þó lengra í þessan viðleitni og hafa ekki aðeins fundið í náttúrunni þann innblástur sem þeir burfa við vinna sína, heldur einnig þann efnivöld sem þeir ljósa að nota í verk sin.

Ragna Róbertsdóttir er með athyglisverðustu listamörnum okkar nú um stundir. Vinna hennar með íslenska hraunið, hvort sem er í formi ógnvekjandi en léttis hraungrytis eða viðkvæms vikursins, hefur vakið verðskuldaða athygli og henni hefur verið boðið að sýna verk sín viða um heim, samhlíða því að setja þau upp með varanlegum haetti, nú síðast í stóru verk-efni í Svíþjóð.

Ragna er ekki eini íslenski listamaðurinn sem hefur gert hraunið í öllum sínum fjölbreytu myndum að yrkisefni. Það þarf ekki annað en að lita til málverka Jóhannesar S. Kjarvala til að sjá að hraunið og sprengikraftur landsins hefur fangað huga listamanna um langt árabil. Það er einn mikilsverður munur á nálgun Rógnu Róbertsdóttur og Kjarvala – og raunar fiestra íslenskra listamanna – við krafta og um leið kyrð hraunsins. Hraunið varð listmálaranum tilefni til fjölbreyttra listaverkra þar sem hann fangaði litbrigði þess og ásýnd og túlkaði á margvíslega vegu. Ragna gengur hins vegar allá leið að efninu og notar hraunið sjálf – víkurinn, raudamálina og hraungrytið – sem efnivöld listar sinnar, og samruna efnis og inntaks verður einstakur í þeim þróunga ramma sem hún sniður kraftmíklu efninu. Sprengikraftur verkanna verður ábreifanlegur.

Hér er um að ræða eina stærstu sýningu á verkum listakonunnar sem haldin hefur verið hér á landi og í henni felst einskonar þverskurður þeirra verkra sem hafa borin hröður hennar viða um lönd. Verk sem unnin eru í jarðefni, hraungrijót, víkur, glersalla og torf, sett fram af mikilli hógværð og ístrænni útsjónarsémi, sýna hvert um sig mikilsverðan kafla í þróun listakonunnar.

Það er vel við haefi að bjóða Rógnu Róbertsdóttir til sýningaráhalds í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum á þessum tímum þegar mikil gerjun á sér stað í listskópun hennar. Verk Rógnu minna á nátt tengsl manns og lands og að í eyðileggingu eldgosa og hrauna getur einnig falist fegurð og kraftur sem vert er að varðveita, virða og veita athygli sem mikilvægum hluta hinnar íslensku náttúru.

In the first half of the 20th century nature was the foremost influence on Icelandic artists. Painters looked to nature for inspiration and subject matter, to introduce their countrymen to many of the gems of the countryside, as well as to show that the strength and grandeur of the landscape had moulded Icelanders as an independent nation among nations. Most of the masterpieces of Icelandic art from that period are clear indications of the strong bonds that tied artists to the land.

At the beginning of a new century artists still look to the land in search of subject matter, and continue to interpret its richness each in his/her own way. In most cases the purpose, however, seems different from that of previous generations; now artists seem to predominantly strive to render the timeless value of the delicacy of Icelandic nature, and so emphasize the need for embracing it with care and respect, rather than letting the possible profit boom and temporary interests of one generation govern the course.

Some artists go even further in their endeavours and have not only found in nature the inspiration they need for their work, but also the materials that they choose to use in their artistic creations. Ragna Róbertsdóttir is one of our most interesting artists at present. Her work with Icelandic lava, whether in the form of threatening, albeit delicate, light lava rocks or pumice, has drawn well deserved attention, and she has been invited to exhibit her works all over the world, as well as to put them up permanently, her latest project being a large installation project in Sweden.

Ragna is not the only Icelandic artist who has selected the lava in all multitude of forms as a subject matter. We only need to look at the paintings of Jóhannes S. Kjarval to see that the lava-fields and the eruptive power of the land have captured the minds of artists for a long time. But there is one significant difference in the approach of Ragna Róbertsdóttir and that of Kjarval – and in fact that of most Icelandic artist – to the power and at the same time the tranquility of the lava. For the painter, the lava-fields became a source of a great number of differing art works where he captured their change of colour and surface, and interpreted in a variety of ways through his personal approach. Ragna on the other hand goes directly to the material, using the lava itself – the pumice, the red lava, and the black rocks – as the material sources of her art, and the union of material and content becomes unique in the tight frame of her powerful subjects. The explosive power of the works becomes palpable.

This is one of the largest exhibitions every held of the artist's works in Iceland and it offers a cross section of the art projects that have carried her reputation far and wide. Art works made from earth, lava rocks, pumice, glass, and turf, presented with serenity and artistic prudence, each show an important chapter in the development of the artist.

It is very fitting to invite Ragna Róbertsdóttir to have a private exhibition at the Reykjavík Art Museum – Kjarvalsstadir at this time, when so much is happening in her artistic career. Her works remind us of the close bond between man and the land, and that in the destruction caused by volcanic eruptions and lava-flows there can also be beauty and power worth preserving, respecting, and looking to as an important component of the nature in Iceland.



012  
 Án titils / Untitled, 2004  
 Blektekning / Ink drawing  
 47,5 x 47,5 cm

013  
 Án titils / Untitled, 2004  
 Hrafnirna / Obsidian  
 27,5 x 27,5 cm

Skeljalandslag / Shellscape, 2004  
 Skeljar / Shells  
 37 x 37 cm

Listasafn Reykjavíkur,  
 Kjarvalssbraðir / Reykjavík Art  
 Museum, Kjarvalssbraðir, Iceland  
 Ljósm. / photo: Einar Falur  
 Ingólfsson

## Kynngikraftur

Að fanga krafta og kynngi náttúruaflanna hefur alltaf verið sjónlistunum mikil áskorun þar sem orkan er ekki synileg. Allt efni, stírni og kerfi eru bundin í orkuskipti en samt sem áður birtist hið óápreifanlega og torraða eðli orku þegar reynt er að henda reiður á fyrirbærinu sem kveikir líf. Þótt verk Rögnu Róbertsdóttur virðist minimalist og látlaus þá eru þau í nánu sambandi við frumform jarðarinnar og orkumynstur hennar, sköpunar- og tortímingarkraftana, það er að segja krafta eldgosa og jarðhræringa, og það sem í raun mætti kalla lífs-kraftinn. Náttúruólin verða ápreifanleg í „hraunlands lagi“ Rögnum á veggjum og gólfum gerðu úr gosefnum og afstrakt skulptúrum hennar úr grjóti og torfi. Um leið er að finna í þeim augljósar vísanir í mannabústaði – frá hefðbundnum íslenskum torfbæjum til nútímalegra steinsteypubygginga.

Í næri öllum verkum sínum leggur Ragna jarðlag ofan á borgar-landslag og þannig í raun náttúruna ofan á menninguna – sem er viss viðsnúningur því yfirleitt er það menningin sem sækir að náttúrunni. En list hennar (einkum hraunlandsaglið) er einnig einskonar tamning náttúraflanna, tilraun til að skapa nánd við eitthvað sem er allt annað en persónulegt og hamid. Stundum er efnunum sem safnað hefur verið úr náttúrunni splæst saman við tilbúin efni eins og gler, gúmmi eða akrilefni, sem ýmist líkja eftir eða ögra náttúrulegum mynstrum. Af innsæti og natni setur Ragna verk sín upp í söfnum og sýningarsölum og mynda þau munúðarfullt samband við





014

Án titils / Untitled, 1989  
 Sagð hræðingrýti / Cut lava  
 75 x 61 x 61 cm.  
 Listasafn Reykjavíkur,  
 Kjarvalsstaðir / Reykjavík Art  
 Museum, Kjarvalsstaðir, Iceland  
 Ljósmynd / photo: Einar Falur  
 Ingólfsson.

arkitektúrinn á hverjum stað. List hennar er aldrei ágeng heldur magnar hún rýmið og þenur það inn á svið sem getur verið bæði eiginleg og myndræn viðáttu.

### Með eldgos á heilanum


Yfirborð Íslands er með því óstöðugasta í heimi og í fáum löndum er birting jarðfræðilegra krafta jafn hversdagslegur viðburður. Landið er eini staðurinn þar sem Norður-Ameríku-flekkinn og Evrasíuflekkinn mætast ofansjávar og yfirborð þess er sifellt á hreyfingu vegna jarðhita, jarðskjálfta og eldgosa. Ísland er bökstaflega á ferð þar sem það mjakast eftir háhitavæði á Mið-Atlantshafshryggnum. Þegar sigdalurinn sem liggar í gegn um eyjuna springur og víkkar stíflur bergkvikan upp úr móttli jarðar og Ísland er í rauninni að stækka eða í það minnsta að bæta á sig. Á stað sem þessum er ekki vist að hægt sé að fara í gegn um lífið með fast land undir fótum. Maður er alltaf með hugann við eldfjöllin.

Ragna Róbertsdóttir hefur átt í löngu ástarsambandi við Heklu, eitt glæsilegasta fjall Suðurlands sem hefur gosið á um það bil tíu ára fresti síðustu áratugi. Ragna fer oft út á hraunbreiðuna í kring um Heklu, andar að sér nálagð hennar og safnar uppskerunni svö að segja. Hún safnar litlum, léttum molum af harðnaðri kviku eða vikri sem eldfjallið hefur spúð í allar mögulegar áttir gegn um aldirnar. Það er ótrúlegt til þess að hugsa að hver einasti moli er einstakur að gerð og lögur þar sem að milljónir agna af heitri bergkviku þeytast upp í eldgosi og hver þeirra fær sina sérstæðu lögum í fluginu. Molarnir eru hrjúfir á einum stað, ávalari á öðrum, allt eftir því hversu langt þeir þeyttust og með hvaða krafti, en einnig eru þeir misjafnir á lit, sumir dökkbrúnir en aðrir svartir og jafnvel hvítir. Þegar farið er inn á Heklusvæðið stendur maður frammi fyrir lausum lögum jarðsögunnar og steingerðum kröftum aldanna. Sumir hraunmolarnir sem Ragna tímir eru úr þúsund ára gömlum gosum á meðan aðrir geta verið frá síðasta gosi í febrúar árið 2000.

### Eldfjall á hjólum

Þegar Ragna hefur safnað vikri í ákveðina innsetningu ekur hún eldfjallinu heim í vinnustofu sína í Reykjavík í stórum bólum. Þar er hraunið hreinsað og flokkað og ferðast að lokum á sýningarstað þar sem listamaðurinn festir þúsundir mola á veggi eða gólf þannig að rýmið verður hlaðið og reimt af eldfjallaorkunni.

Það er eithvað bæði furðulegt og hjartnæmt við það að Ragna ekur ekki aðeins Heklu til Reykjavíkur, heldur flýgur hún henni um heiminn hvort sem það er til Svíþjóðar, Þýskalands, Bandaríkjanna eða Kína. Þetta er klyfjun á landslagi sem



015

Innsetning / Installation view, 1993  
 Blekteikning á vegg / Inkdrawing on  
 the wall

016

Innsetning / Installation view, 1993  
 Blekteikningar á vegg / Inkdrawing  
 on the wall

Verk á golli: Án titils, hraungrýti /  
 Work on the floor: Untitled, cut lava

Sílunkarliki, Ísafjörður, Iceland  
 Ljós. / photos: Karin Sander

hún á ekki aðeins persónulegar rætur í sjálf, heldur hefur það líka táknað vægi því það er jú eftir allt saman hörðnuð kvika sem gerir okkur kleift að ganga á þessari jörð.

Auk svarts vikurs úr Heklu og Kötlu (annað mikilfenglegt eldfjall á Suðurlandi) þá notast listamaðurinn einnig við rauðan vikur frá Seiðishólum og blöndu af sandi og hrauni af Mýrdals-sandi. Þegar Ragna ferðast tekur hún ekki aðeins með sér landslagið að heiman í huganum heldur gerir hún það í bókstaflegri merkingu.

### Eldfjall á vegg

Málverk, ljósmyndir eða myndbönd af eldfjöllum (að gjósa eða ekki) eru ekki óalgeng á veggjum listasafna. Samt sem áður er erfitt að koma eiginleika jarðfræðilegra krafta til skila í mynd. „Hraunlandslag“ Rögnum er titlað eins og hefðbundið landslagsmálverk en það er sérstaklega efnislegt þar sem það er hið eiginlega landslag. En það er einnig málverk í sjálfu sér (einskonar þráhyggju deplamálverk) og það er vandlega gert af hendi listamannsins.

Ragna byrjar á því að merkja útlínur hraunbreiðunnar með límbandi á vegginn, síðan þekur hún flötinn með lími og kastar handfylli af hraunmolum á hann. Flestir festast þar sem þeir lenda en aðrir detta niður og er þá kastað aftur. Hraunið myndar mynstur á veggnum sem stjórnast af byngdaraflinu og kraftinum sem er beitt við að beyta því fram, líkt og í náttúrunni. Af þessu leiðir að á veggnum eru ljósari og dekkri hlutar





017

Án titils / Untitled, 1989.  
Sagað hraungryti / Cut lava  
63 x 45 x 15 cm

018

Án titils / Untitled, 1989.  
Sagað grágrýti / Cut lava  
63 x 75 x 15 cm

Ljósm. / photos: Jóhanna Ólafsdóttir

– byrpingar og klasar og svæði sem eru opnari og léttari að sjá. Hinsvegar ræður tilviljunin til hálfs við ásetningin því að listamaðurinn notar sérstakar aðferðir til að stjórna áferð verkanna. Að lokum notar Ragna flisatöng til að fjarlægja ástuðlega eða festa einstaka hraunmola – en það er viss gróteska í þeim verknadí falin í ljósi beirra sprengikrafta sem skópu efnið upprunalega. Blíð og rólyndisleg meðferð hennar á einhverju sem er jafn ofsfengið og hávært og eldfjallíð sýnir ástríkt og ihuglt samband hennar við landslag heimkynnanna.

Ferlið er aldrei það sama en gegn um árin hefur Ragna skapað hraunlandslag í öllum mögulegum stærðum, allt frá litlum ferhryningum yfir í risastór flæmi sem mörg hver hafa áhrif á allt veggrymi salarins. Ef maður stendur nálaðeg veggnum og horfir á verkið á hlið þá virðist breiðan þétt eins og hlið á eldfjalli sem er bakið mörgum lögum af vikri. Sé horft beint á verkið líkist það því sem ber við augu á meðan á gosi stendur, dimmur himinn gryttur óteljandi hraunmolum sem er hreytt innan úr gygnum. Hraunlandslag Rögnu er stórbrotið alveg sama hvernig á það er litið, það er heillandi og orkar nánast ávanabindandi á augað. Því lengur sem maður horfir því fleiri bættir og mynstur birtast manni, ekki ólikt því þegar maður starir langtínum saman upp í stjörnubjartan himininn. Hringiða agnanna virðist bæði fjarlæg og nálaeg i senn, framandi en þó kunnugleg, áleitin en býr á sama tíma yfir kyrrð. Áhrifin geta verið ruglandi og skynvillandi, vakið mann til umhugsunar um leið og hugurinn sefast. Það er áhugavert að hraunlandslagi Rögnu (sem tekur talsverða vinnu að skapa) er ekki ætlað að endast. Þegar sýningin er búin lýkur gosinu lika. Vikurinn er skrapaður af veggnum sem er eldfjall í takmarkaðan tíma.





- 019  
Lava Landscape, 2001  
Hekluvikur / Lava from Hekla
- 020  
Lava Landscape, 2001  
Hekluvikur / Lava from Hekla
- Camp Lejre, Lejre, Danmark  
Lyðsm. / photos: Anders Sune Berg


## Innandyra, utandyra og án dyra

Þróskuldurinn milli inni og úti gegnir mikilvægu hlutverki í list Rögnu Róbertsdóttur. Sögulega séð, og á Íslandi er sagan ekki löngr voru skilin milli innri og ytri vistavera óljós. Jafnvel í skarkala nútímans í Reykjavík, innandyra og utan, eru manna-bústaðirnir og stórbrotið landslagið ekki eins langt frá hvort öðru eins og í flestum borgum í dag. Ef maður byr í New York verður maður að keyra að minnsta kosti klukkutíma í burtu til að sjá eitthvað sem líkist raunverulegri náttúru. Í Reykjavík litur maður út um gluggann – eða þá, ef maður er ekki með útsýni, gengur maður í nokkrar minútur niður að sjó – til að lita áhrifaríkt landslag.

Verk Rögnu eru alltaf í beinum samræðum við arkitektúr bess rýmis sem þau eru til sýnis í, og þá sérstaklega við gáttir rýmíns. Hraunlandslag hennar er oft jafnstórt dyrum eða gluggum í herberginu og gefur þannig til kynna útsýni fyrir utan það. Maður sér hugsanlega tré út um glugga á sýningarsalnum og þar við hlíðina rétthyrning úr vikri eins að staðr og lögun sem keppir við gluggann um athyglína. Það er forvitnilegt að finna fyrir fátinu sem kemur á mann við að reyna að ákvæða hvort sé nánari sýn á það sem fyrir utan er – útsýnið í gegn um glerið í dyrum eða glugga eða bert jarðlagið á veggnum. Útsýnið út um hraun „gluggann“ getur verið kynngimagnað, sérstaklega þegar dagsbirtan leikur um margbrotið yfirborðið. Þótt Ragna skapi verk sem vísa í skjálfdandi jörð og meiriháttar umbreytingar þá er hún listamaður sem leggur mikla natni við smæstu atriði eins og smávægileg tilbrigði í lit og áferð og hárfín áhrif ljóss.

## Að fanga eldfjallið

Það er augljóslega einhver sérviska í því að fanga efni sem er svo tengt of safengnum krafti og glundroða í vandlega útfærða og reglulega rétthyrninga á vegg. Ragna hefur einnig þróað





021

Mýrdalssandur, 1999  
 Mýrdalssandur / Lava – sand  
 from Myrdalur  
 18 x 24 m  
 Listasafni Reykjavíkur,  
 Kjarvalsstöðir / Reykjavík Art  
 Museum, Kjarvalsstöðir, Iceland  
 Ljós. / photo: Jónni

022

Stigur / Path, 1995  
 Rauðamör / Red lava gravel  
 Galerie Stefan Anderson, Umeå,  
 Svíþjóð / Sweden  
 Ljós. / photo: Ragna  
 Röbertsdóttir

einskonar ferðaglugga (og þetta er ágætis dæmi um leikinn og húmorinn sem er í verkum hennar) með eldfjalli innan í sem má leika sér með. Þetta er einskonar „hraunhristari“, rammi með tvöföldu gleri með hraunmolum á milli. Það má hreyfa lausa hraunmolana í hvaða átt sem er, hrista þá til að fá gos eða dilla þeim aðeins til að fá fram ákveðna sjónarrönd.

A sýningunni í Listasafni Reykjavíkur ætlaði Ragna að fara alla leið með hraunfyllta gluggann með því að útiloka útsýni um stóru gluggana á Kjarvalsstöðum með mannhæðarháu lagi af svörtum vikri úr Heklu. Eftir að hafa sett upp frumgerð á staðnum kom í ljós að glerið holdi ekki krafta eldfjallaefnisins. Þegar sólin skein inn á svart hraunið myndaðist svo mikil orka að glerið ofhitnaði. Glugginn sprakk þannig að safninu stóð ógn af gosi úr fjallalist. Þetta er skemmtileg saga þar sem verk Rögnu ganga venjulega á vissan hátt út að reyna hvernig yfirborð borgarinnar stenst álagið af óheflaðri náttúru. Í þessu tilfelli gerði það það ekki.

Tólf tvöföld gler fyljt með svörtum vikri mynda nū röð meðfram veggnum gegnt glugganum/dyrunum. Glerin eru jafn breið glugganum á móti og speglast í því þannig að það myndast ímyndaður bróskuldur. Þétt og dimm hraunbreiðan á veggnum myndar útlínur fjallgarðs sem er fjarlægur og nálægur í senn og áhrifin geta verið óhugnanleg, jafnvel ógnandi þar sem að





023

Innsetning / Installation view, 1991  
Sagað hraungryti, torf / Cut lava, turf

024

Innsetning / Installation view, 1991  
Sagað hraungryti, torf / Cut lava, turf

Kunstmuseum Bern, Swiss /

Switzerland

Ljósm. / photos: Alexander Egger

þrýstingur fangaðs eldfjallsins er bersýnilegur. Hér hefur Ragna sett á svíð lúmska en þó króftuga innrás í innra rými með gifurlegu magni af hugsanlega hættulegu hrauni sem er aðeins haldið í skefjum með örþunnu gleri.

### Eldfjallíð tamið

Ragna hefur einnig bakið gólf með vikri. Við innganginn að safnið lætur hún til dæmis gesti ganga yfir réttihyrnda breiðu af rauðu hrauni. Þessi ríkulegu og eldrauðu hraunteppi eru að ásýnd og áferð (þegar þau braka undir fótum manns) í senn traust og vafasöm. Þau sýna hvernig upptaka Rögnum á jarðlagi getur farið á two vegu: annarsvegar er hún að temja krafta sem í rauninni er ekki hægt að beisla (þegar eldspúandi fjall þekur umhverfi sitt hrauni þá vill maður ekki að heimili manns sé í næsta nágrenni). Hinsvegar skapa hraunverk hennar myndræna hættu í húsinu sem er venjulega tengt þægindum og öryggi. Jafnvel þótt möl sé algengt efni til skreytingar umhverfis hýbýli þá fá hraunteppi Rögnum grunn heimilisins til að virðast ótraustan og háskalegan.

Á sýningunni hefur listamaðurinn einnig bakið göngustíg í garði safnsins með rauðum vikri frá Seiðishólum. Enn verður rauðslegin leiðin – sindrandi og snúin um grasflötina – ótrygg og vafasöm. Það er eins og rauða teppinu hafi verið rúllað út





025



026



027

025

Án titils / Untitled, 1990  
 Sagð hraungryti / Cut lava  
 75 x 68 x 68 cm

026

Án titils / Untitled, 1990  
 Sagð hraungryti / Cut lava  
 60 x 60 x 60 cm

027

Án titils / Untitled  
 Sagð hraungryti / Cut lava  
 15 x 60 x 60 cm

028

Án titils / Untitled  
 Hraungryti, gummí / Lava, rubber  
 17 x 43 x 15 cm

029

Án titils / Untitled  
 Hraungryti, gummí / Lava, rubber  
 17 x 43 x 15 cm

Ljósm. / photos: Jóhanna  
 Ólafsdóttir

til að bjóða gestinn velkominn en á sama tíma er eitthvað sem gefur til kynna að stíglarinn sé ekki fær – að hann sé heit kvíkurás sem brýstir sér leið um landslagið.

### Eldfjallið endurunnið

Miðað við hversu hugfangin Ragna er af óáreiðanlegu yfirborði og smáatriðum þá er ekki skrítio að hún hefur notað sérstaka tegund af gljúpu, gráu íslensku hraungryti. Þetta er basaltgrjót þakið sprungum og holum sem verða til begar loft lokast inni í kvíkunni begar hún harðnar. Ragna létt saga þetta grófa og formlausu gjrjöt í nákvæmar og jafnar súlur (hver skurður leiddi í ljós misjafnt og einstakt yfirborð) og stillti þeim upp þannig að þær mynduðu röð skulptúra misjafna að lögun sem litu út eins og iðnaðarbyggingar en gáfu einnig til kynna tamin fjöll. Þetta eru þau verk Rögnu sem eru oftast sett í samband við minimalisma og frásagnarlausar rúmfraðiuppstillingar á einföldum og látausum formum.

Bótt þessi verk eigi margt að rekja til minimalistra skulptúra þá eru í þeim brestir sem birtast í tilvilanakenndu og örðlegu yfirborðinu sem ber flóknu jarðfræðilegu ferli vitni. Auk þess að hafa dregist að líflegri áferð gjótsins má vel ímynda sér að Ragna hafi fengið innblástur af stuðlabergi sem er skulptúr sjálfrar náttúrunnar og með mest sláandi bergmyndunum á Íslandi.

Ísland er næstum algjörlega myndað úr gjósku og kviku sem hefur leitað upp á yfirborðið og landið er eilflega bundið í einskunar sjálfsendurvinnslu. Leikur Rögnu að forminu getur einnig verið vísun í þetta endurvinnsluferli sem einkennir basaltgrjóti en það getur bráðnað og gosið aftur sem bergkvika og þannig birst aftur umbreytt en þó svipað að gerð.



028



029



030

Tvö verk á gólf / Two works on the floor, 1991  
 Sagað hraungrýti, torf / Cut lava, turf  
 (Á vegg: Hljóðverk eftir Finnboga Þórsson /  
 On the wall: Soundwork by Finnbogi Þórsson)  
 Kölner Kunstverein, Köln, Pyskaland /  
 Germany  
 Birt með leyfi Kölner Kunstverein /  
 Courtesy of Kölner Kunstverein

Með hraunskúlptúrunum eru sýndar glæsilegar, svartar blektækningar á vegg sem mynda úr einu hringlagu formi (sem minnir á byggingu atómsins) breiður eða keðjuspíral úr frumum. Þótt það sé óljóst hvað formin – finlega samofin – eiga að tákna þá minna þau á ævaform mynstur, og virðast vera drifin áfram af krafti þar sem þau svifa yfir hraunskúlptúrunum eins og skýjabakkar. Með þetta í huga er áhugavert að minnast þess hvernig hringiður myndast í himinnum þegar hindrun eins og hátt fjall eða eldgos verður í vegi skyjanna.

### Sneið af lífi

Hringiðan, formið sem finnst af öllum mögulegum staerðargráðum í náttúrunni (frá plöntufrumu yfir í skel, yfir í iður í vatni, yfir í spiralstjörnubokur), birtist líka í torfskúlptúrum Rögnu en þeir eru litlar eða stórar rúllur af torfi sem standa á gólfí sýningarsalarins.

Ef vel er að gáð þá er torf sneið af lífi. Í henni eru rætur og arfi, hraun, skeljasandur, leifar agnarsmárra dýra, örverur og vottur af öllum þeim frumefnum sem finnast á þeim stað þar sem torfið var tekið. Það væri ekki hægt að koma hinum margbrotna lífskrafti sem er bundinn í þessu frekar litla sýni af yfirborði jarðar á framfæri á annan hátt (til dæmis með teikningu). Þetta er ein ástæða þess að Ragna gerir ekkert við torfið heldur sýnir það aðeins upprúllað eins og þegar það er keypt til uppgræðslu. Þarna er auðvitað líka á ferð visun í íslenska torfbæinn. Torf eða jarðvegur er ekki aðeins millivegurinn sem skilur að hinn grýtta og óbyggilega hluta jarðarinnar frá lífinu, heldur skildi það einnig hér áður fyrr á milli lífs innandyra og utan á Íslandi, allt fram á nitjándu öld. Þannig geta torfskúlptúramir, tígulegir í einfeldni sinni en þó þrungnir orku, einnig verið einskonar sambjöppuð og vafin tákni fyrir lifsskilyrði, á Íslandi sem annarsstaðar.

### Tímagluggi

Auk hrauns og torfs safnar Ragna einnig öðru jarð lagi – af afskekktri strönd (á Vestfjörðum) sem er nánast algjörlega þakin mulningi úr skeljum. Ragna hefur einstakt auga fyrir slíkum dýrgripum, fyrir fegurð þeirra og kröftunum sem felast í þeim. Hún hefur tint upp fermetra af ströndinni og á því undurfagra og yfirgripsmikla sneiðmynd af sjávarlifi í brotum.



031

Jökull / Glacier, 2001  
 Mulið gler / Crushed glass  
 154 x 120 cm  
 (Á vegg verk eftir / on the  
 wall work by: Donald Judd)

032

Jökull / Glacier, 2001  
 Mulið gler / Crushed glass  
 154 x 120 cm  
 (Á vegg verk eftir / on the wall  
 work by: Dan Flavin and Donald Judd)

Einkasafn / Privat collection,  
 Reykjavík, Iceland  
 Ljósm. / photos: Einar Falur  
 Ingólfsson

Límd á vegginn (á sama hátt og hraunlandsagið) mynda brotin í fallega og sindrandi silkimjúka breiðu sem visar út. Á sama tíma táknað þetta „skeljalandslag“ (ef maður á að vera að gefa því nafn) tímaglugga sem veitir manni sýn inn í mismunandi stig tilveru ákveðinna tegundar.

### Glerjökull

Hið svokallaða „Jökulllandslag“ Rögnum er einnig myndað úr brotum. Hún notar tilbúið efni, það er að segja glært eða litað gler, til að kalla fram annað landslag sem býr yfir ótrülegu afli. Þessar „jökulbreiður“ eru úr búsundum glerbrota sem eru límd á vegg og eru oft griðarstórar þannig að þær bekja heilu veggina. Þær eru seiðandi og glitrandi yfirborðið drekkur í sig ljós og endurkastar því. Þegar maður virðir verkin fyrir sér úr



RAGNA RÖBERTSDOTTIR

033

Norðurljós / Northern lights, 2001  
 Akrylicmínir / Acrylic pieces  
 110 x 45 cm  
 ÍB, Reykjavík, Iceland.  
 Ljósmt. / photo: Einar Falur  
 Ingólfsson

fjarlægð virðast þau yndisleg og friðsæl, og næstum ósýnileg frá ákveðnu sjónarhorni. En þegar nær er komið blasir við óhugnanlegt og hvasst yfirborðið myndað úr óteljandi beittum glerbrotum. Um leið og hugurinn reikar að ógrívænlegum og tortimingareiginleikum jökulhlauta þá veltir maður því fyrir sér hvernig Rögnum tekst að koma þessu hættulega efni á veggina. Hún fæst við þá áskorun sem felst í því að vinna með súlik „erfið“ efni af sömu munuð og forvitni og hún vinnur með hraun, torf og skeljar.

Það er ekki svo fráleitt að tákna jökullandslag með glerbrotum því gler er oftast unnið úr kísilsandi. Kísill er steinefni sem finnst í bergkviku og þar af leiðandi í grjóti og sandi sem er borinn fram með jökulvatni. En glerið hér er einnig einfaldlega efnið í glugganum sem í samhengi við önnur verk Rögnum, gerir jökullandslagið hennar einskonar glugga-glugga, myndlækinu fyrir tvöfaldar gáttir sem veita margbætt útsýni.

### Ný-landslag

Að lokum eru það skær og allt að því neonlituð veggverk Rögnum sem hún kallar „Ný-landslag“. Það er úr litlum plast-eða akrilögnum sem eru festar í bunnum lögum á vegg. Þessi verk sem eru gerð úr fjöldaframleiddum efnum, virðast hávær í samanburði við hraunlandsaglið sem á sér sannarlega háværan uppruna. Skínandi rauður ferhymningur hangir til dæmis í efta horni herbergis eins og viðvörunarljós á meðan réthyrningur í „æpandi“ grænum lit opnar gátt inn í annan „veruleika“. Hinsvegar minnir Ný-landslagið einnig á einstaklega lítrik líparitfjöllin á hálandi Íslands sem eiga sláandi litadyrð sinni háu steinefnarnagni að þakka og sem sérstætt ljósíð ykir upp. Ný-landslag Rögnum er svo sannarlega nýtt, það er æpandi, ruglandi og fallegt og vitnar um annarskonar landslag. Þar sem því er stillt upp við hlið ymiskonar náttúruvirborðs sem listamaðurinn hefur faert inn í borgarrýmið, virðist Ný-landslagið aðkallandi, jafnvel skelfilegt. Verkin eru gerð úr aragrúa efna sem öðlast lið vegna hárfins samspils lita, áferðar og ljóss, og eins og hraun- og jökullandslagið, torfskúptúrnir og skeljalandslagið magna þau upp orku í umhverfinu. Lagskipt yfirborð Rögnum Róbertsdóttur búa á breiðu en jafnframt persónulegu sviði sem er einhvers staðar á milli hins ytra, innra og hugans.

Sabine Russ  
 New York, ágúst 2004



034


Landslag / Lava Landscape, 1999  
 Hekluvikur / Lava from Hekla  
 200 x 400 cm  
 (Með Finnborga Péturssyni /  
 Together with Finnborgi Pétursson)  
 Galerie Schöppenhauer, Köln,  
 Pyskalandi / Germany  
 Birt með leyfi / Courtesy of Galerie  
 Schöppenhauer




### Patterns of Energy

To capture energy and the great capacities of natural force has always been a challenge in visual art as energy itself is not really visible. All matter, bodies, and systems are engaged in energy exchange yet the attempt to picture the phenomenon that makes life happen reveals the intangible and elusive quality of energy as such. Ragna Róbertsdóttir's works, while minimal and austere in appearance, are deeply involved with earth's primordial forms and energetic patterns, with forces of formation and destruction, namely volcanic force, and ultimately with what one could call the potency of life. Her "lava landscapes" on walls and floors consisting of actual volcanic matter as well as her abstract sculptures made of basalt stones and turf resonate with the high energy of nature. At the same time there are obvious references to human dwellings – from traditional Icelandic turf houses to modern concrete buildings.

In almost all of her works Ragna Róbertsdóttir applies earth surface to urban surface, or in another sense nature to culture – a kind of reverse act as human culture normally intrudes on nature. Simultaneously, her art (especially her lava landscapes) is a form of domestication of natural force, an attempt to create an intimacy with something that is anything but intimate and tame. Sometimes the materials collected from the land are juxtaposed with man-made materials such as glass, rubber, or acrylic, which either simulate or challenge natural patterns. Róbertsdóttir's works always occur in a sensual and intuitive but also carefully staged dialogue with the architecture of the museum or gallery. Her art is never obtrusive; instead it energizes the space and expands it into a realm that can be both physically and metaphorically vast.



036



036

035

Án titils / Untitled, 1990  
 Sagað hraungrýti / Cut lava  
 75 x 60 x 60 cm

036

Án titils / Untitled, 1990  
 Sagað hraungrýti / Cut lava  
 60 x 128 x 60 cm

Ljósmynd / photo: Jóhanna Ólafsdóttir

### **Volcano on the mind**

Iceland has one of the most turbulent surfaces on earth and there are few countries where geological force is present in such vicinity to daily existence. Making up the only above-water meeting point of the North American and Eurasian tectonic plates, the island's surface is continuously in commotion due to geothermal, seismic, and volcanic activity. Iceland is literally on the move as it is precariously riding a hot spot beneath the Mid-Atlantic ridge. When the rift valley, a central feature of the island, cracks and widens magma wells up from the earth's mantle and Iceland is actually growing, or at least gaining weight. In such a place you might not take it for granted to walk through life on solid ground. Volcanoes are always on the mind.

